

A 1812/holdbart

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um að draga úr koldíoxíði í nýbyggingum

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær komi sér saman um samræmda aðferð til að mæla umhverfisálag koldíoxíðs á hvern fermetra nýbygginga á Norðurlöndum

að þær komi sér saman um ófrávíkjanlegt hámark leyfilegrar losunar koldíoxíðs á hvern fermetra nýbygginga á Norðurlöndum

að þær komi sér saman um ófrávíkjanleg markmið um árlega minnkun hámarks leyfilegrar losunar koldíoxíðs á hvern fermetra nýbyggingar á Norðurlöndum

Bakgrunnur

Stemma verður stígu við loftslagsbreytingum svo fljótt sem verða má. Því miður er ekki til nein ein aðferð til að ná því markmiði að takmarka tjón sem hlýst af loftslagsbreytingunum. Draga verður úr losun á öllum sviðum.

Samkvæmt sérfræðilegum erindum á sumarfundi Norrænu sjálfbærninefndarinnar er byggingariðnaðurinn valdur að 5–7 prósentum losunar koldíoxíðs á Norðurlöndum. Ástæðu koldíoxíðslosunarinnar má einkum rekja til mikillar notkunar á steypu og múrsteini en þannig þarf það ekki að vera.

Á Norðurlöndum er til dæmis gnótt skóga. Trjáviðinn má nota til mannvirkjagerðar og þar með tæki byggingarmassinn þátt í að binda koldíoxíð. Ef notað er rétt byggingarefni geta ný mannvirki orðið til að létta álagi af loftslaginu í stað þess að valda því, eftir því sem sérfræðingarnir sögðu í fyrirlesturum sínum.

Vandinn er að sannfæra byggingargeirann um að skipta yfir í loftslagsvænna byggingarefni og aðferðir.

Með því að innleiða ófrávíkjanleg markmið og sameiginlegar ófrávíkjanlegar aðferðir við að meta losun koldíoxíðs á hvern fermetra felum við byggingargeiranum sjálfum að beita þeim aðferðum sem best hæfa sérhverri byggingu. Auk þess æskjum við þess



að reglur um koldíoxíðslosun verði á skömmu árabili hertar frá einu ári til annars svo að byggingariðnaðurinn neyðist til að skipta skjótt um framleiðsluaðferðir.

Þannig setur Norðurlandaráð þróuninni pólitísk stefnumið og ramma án þess að taka upp þaulstjórnun og lætur markaðinn um að finna bestu lausnirnar.

Markaðurinn er smár í sérhverju landa okkar fyrir sig og það getur reynst byggingariðnaðinum þungt í skauti að móta réttar aðferðir á svo litlum mörkuðum. Sameiginlega eigum við á Norðurlöndum einstaka möguleika á að ryðja nýjum byggingaraðferðum og -efnum braut sem geta orðið afar eftirsótt til útflutnings frá norrænu löndunum.

Breyting til nýtingar á trjáviði til mannvirkjagerðar mun jafnframt stuðla að uppfyllingu heimsmarkmiða SP 8.2 og 8.4 um aukna framleiðni í atvinnulífinu og bætta nýtingu auðlinda auk heimsmarkmiðs 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Uppsöllum, 7. ágúst 2019

Anders Kronborg (S)

Annette Lind (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kasper Roug (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G Hardardóttir (Sf)

Orla Hav (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein-Erik Lauvås (A)

Thomas Jensen (S)